



Agnar Bragason  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun  
Áb. AFB, GSA, SI  
25. júlí 2017  
OP. 14.01  
Tilv. LIS/201704-220

21. júlí 2017

*Umsögn til Umhverfisstofnunar vegna umsóknar Advanced Marine Services Limited um starfsleyfi.*

Advanced Marine Services Limited hefur nú upplýst hvert eðli og umfang þeirra aðgerða sem félagið ætlar að ráðast í við flak skipsins Minden og í kjölfarið sótt um starfsleyfi fyrir þeim framkvæmdum. Fyrst svo er þá gerir Landhelgisgæslan engar athugasemdir við að umræddur framkvæmdaraðili hljóti leyfi fyrir framkvæmdunum.

Hins vegar leggur Landhelgisgæslan það til að skip framkvæmdaraðila verði gert að tilkynna komu sína á vettvang til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar, upphaf aðgerða, hugsanlegar frátafir vegna veðurs og að lokum lok aðgerða og brottför af vettvangi svo unnt sé að tryggja að framkvæmdunum ljúki innan þess tímaramma sem getið verður um í starfsleyfinu, verði slíkt leyfi veitt. Jafnframt getur verið æskilegt að gera einnig þá kröfu að skipið verði skráð í ferilvöktun í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar á meðan framkvæmdunum stendur.

*LHG f.h. Landhelgisgæsla Íslands*

Helgi Brynjarsson, lögfræðingur hjá LHG

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík



Umhverfisstofnun  
Áb. ABB, KLA, SP, S  
31. júlí 2017  
0814 01  
Tilv. 48/201704-220

## UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 31. júlí 2017  
Tilvísun: UTN17060166/47.A.001  
HeH/--

Ráðuneytið vísar til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 29. júní sl. þar sem óskað var umsagnar þess í tengslum við skoðun Umhverfisstofnunar á því hvort verði skuli við umsókn um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í erindi Umhverfisstofnunar kemur fram að umsækjandi er Advanced Marine Services Limited í Englandi og að starfsleyfið sem til skoðunar sé lúti að því að fara að skipsflakinu og opna það (skera í/klippa) með tækjum eins og lýst sé í umsókn fyrirtækisins um starfsleyfi. Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn ráðuneytisins varðandi framkvæmdina og þá sérstaklega um heimild framkvæmdaraðila til að eiga við skipsflakið og farm þess á hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu.


Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka fram að samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn eru vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands háðar samþykki íslenskra stjórnvalda. Sækja ber um slík leyfi til utanríkisráðuneytisins, enda fer með það með málefni sem falla undir gildissvið laganna. Miðað við þær upplýsingar sem fram koma í umsóknargögnum Advanced Marine Services Limited og fylgdu erindi Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins, telur ráðuneytið að sú framkvæmd sem þar er lýst falli ein og sér ekki undir ákvæði 9. gr. og því þurfi ekki að sækja um leyfi til ráðuneytisins fyrir henni.

F.h.r.



4. júlí 2017

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík




**Umsögn um niðurrif skipsflaks, Minden, á hafsbotni suðaustur af Íslandi**  
Tilvísun Umhverfisstofnunar er UST201704-220/A.B.B. 08.14.01,

Við er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 29.6.2017 ásamt fylgigögnum sem bárust í tölvupósti.

Að höfðu samráði við formann og varaformann Heilbrigðisnefndar Austurlands tilkynnist hér með að HAUST tekur ekki afstöðu til erindisins, enda er flakið langt undan landi og ólíklegt að mengun frá aðgerðum berist inn í lögsögu sveitarfélaga innan vébanda HAUST.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst, f.h.  
Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Helga Sveinsdóttir  
frkvstj. HAUST  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
AUSTURLANDSSVÆRIS

Einnig sent í tölvupósti til Agnars Braga og til [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

7. júlí 2017

MÍ201707-0022/6.04/ A.S.

## Efni: SS Minden. Beiðni um umsögn vegna starfsleyfis.

Með bréfi dagsettu 6. júlí sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um umsókn Advanced Service Marine Limited um starfsleyfi til að fara að skipsflakinu Minden, opna það og leita að verðmætum.

Skipið SS Minden var gufuknúið flutningaskip smíðað 1921. Árið 1939 var því sökkt af skipverjum þess eftir að hafa mætt bresku herskipi 120 sjómíllur suðaustur af Íslandi.

Samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru fornminjar annars vegar forngripir og hins vegar fonleifar. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa, en skipsflök eða hlutar þeirra 100 ára og eldri teljast til fonleifa. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um menningarminjar kemur fram að heil skip og bátar teljist til lausra minja þ.e.a.s. forngripa, og leifar þeirra til fonleifa. SS Minden er skipsflak og telst þar með til fonleifa en þar sem það hefur ekki náð 100 ára aldri nýtur það ekki sjálfkrafa friðunar samkvæmt lögum um menningarminjar.

Í lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979 með síðari breytingum (lög nr. 58/2017 um breytingu á lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn) sem byggð eru á Hafréttarsamningi Sameinuðu Þjóðanna frá 1982, segir: „brottnám muna sem eru fonleifafræðilegs og sögulegs eðlis af hafsbótmi innan aðlæga beltisins án heimildar íslenskra stjórnvalda telst vera brot á lögum og reglum sem um slíkt gilda á Íslandi.“ Aðlæga beltið er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem allstaðar er 24 sjómíllur frá grunnlínum landhelginnar. Skipið SS Minden er 96 sjómíllur utan þessarar línu og því gilda lög um menningarminjar ekki í þessu tilfalli.

Minjastofnun Íslands gerir því ekki athugasemd við starfsleyfið.

Virðingarfyllst,

Agnes Stefánsdóttir  
Sviðsstjóri

Umhverfisstofnun  
Áb. ABB GSA 51  
18. júlí 2017  
08.14.01  
Titill: UST201704-220

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**  
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík, 13.07.2017  
20.01.01/MIN  
HV/sj

### **Efni: Umsagnarbeiðni. Umsókn um starfsleyfi. Niðurrif skipsflaks á hafsbotni**

Umhverfisstofnun óskar í bréfi frá 29. júní 2017 eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, um ofangreint erindi, sem er umsókn um starfsleyfi.

Um er að ræða leit að verðmætum í flaki skipsins Minden, sem var þýskt gufuskip sem sókkt var 24. júní 1939. Skipið liggur á 2240 metra dýpi á hafsbotni í 120 sjómílna fjarlægð suðaustur af Íslandi. Ætlunin er að skera upp pósterbergi skipsins og ná úr því skáp sem talin er innihalda verðmæti. Ekki verður séð af gögnum málsins að nein mengun hljótist af því engar lagnir liggja á þeim stað í skipinu sem ætlað er að fara inn í. Ekki er ætlunin að aðrar aðgerðir verði framkvæmdar í eða á skipinu.

Umhverfisstofnun telur miðað við upplýsingar sem fram koma í umsókn framkvæmdaraðila um umfang og aðgerðir að framkvæmdin muni ekki koma til með að hafa í för með sér mengun eða áhrif á umhverfið.

Hafrannsóknastofnunin gerir ekki athugasemdir við erindið.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Héðinn Valdimarsson